

## Samráðsfundur:

**Dags:** 5. Sept. 2008. 15:00

**Aðili:** Hitaveita Suðurnesja

Fulltrúar: Friðrik Friðriksson, Geir Þórólfsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson

Tengiliðir: [fridrik@hs.is](mailto:fridrik@hs.is); geir@hs.is

**Viðstaddir stjórnarmenn:** Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Elín . R. Lindal , Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Ásgeirsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir, Tómas Þór Tómason.

1. Fulltr HS tóku fram að þeir hefðu misskilið tilgang fundarins og héldu sig vera að koma á stóran fund með fleiri aðilum og ætluðu að þeir myndu hlýða á kynningu í stærra hópi. Kæmu því lítt undirbúnir.
2. Lýstu áhuga á að nýir virkjunarmöguleikar á Reykjanesi yrðu skoðaðir sem hefðu komið til eftir að vinnu vegna 1. áfanga lauk. T.d. hefðu þeir áhuga á að rannsaka ný háhitasvæði á jarðskjálftarennunni á flekaskilum frá Reykjanestá austur í Ölfuss. Þar er verið að vinna að viðnámsrannsóknnum á vegum OS og ISOR er byggi á nýrri ransóknartækni sem reynd hefur verið við Köflu.
3. Sögðu frá nýjum hugmyndum um háhitasvæði er byggðu á nýrri rannsóknnum, , t.d. „gufupúðum“ sem væru á minna dýpi og ódýrara væri að virkja. Ræddu einnig um hugmyndir um staðsetningu nýrra iðnaðarsvæða. Boranir í Trölladyngju hefðu valdið vonbrigðum ; þar væri að vísu góður hiti sem gaf þó af sér lítið afl. Lýstu vilja til að dýpka aðra tilraunarholu á svæðinu en ef árangur verði slakur eru líklegt að svæðið sé „lélegt“. Þessi væri niðurstaðan þrátt fyrir að viðnámsmælingar hefðu gefið til kynna mjög stóran „hlemm“.
4. HS lýsti þeirri skoðun að mikilvægt væri að halda við og auka vísindalega vinnu til að afla aukinnar þekkingar. Enda þótt vrikjanaleyfi fengjust ekki væri mikilvægt að halda rannsóknnum áfram til að auka við þekkingarbrunninn. Slíkar rannsóknir gætu örugglega nýst, t.d. til að kanna jarðhita undir hafsbotni. „Helsti munurinn á vatnsorku og háhitavirkjunum er að rennismælingar í ám standa í áratugi en óvissan er mun meiri á háhitasvæðum. „
5. Rætt um endingu orkunnar frá einstökum jarðvarmasvæðum. HS fullyrta að „enginn getur nefnt eitt svæði á heimsvísu sem hefur klárast.“ Auk þess: „ Ekki þarf að hafa áhyggjur af forðabúskapnum.“
6. Lýstu áhuga HS að koma að vinnu Rammaáætlunar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Formaður benti á að þeir hefðu alla möguleika á að koma sínum sjónarmiðum að.
7. Spurðu hvort þeir mættu koma með óskir um viðbótarsvæði ef um þær verði að ræða. Fengu jáyrði við þeirri ósk.